

# NÝR OG ÖFLUGRI MIÐBÆR Á AKUREYRI

## NÝ SÝN

### Framtíðarsýn um uppbyggingu í miðbænum

Skipulag miðbæjar Akureyrar endurspeglar ásetning bæjaryfirvalda um að miðbærinn verði þungamiðja mannlífs og menningar á Akureyri jafnt sem Norðurlandi öllu. Byggingar í miðbænum mynda aðlaðandi borgarumhverfi og bæjarými sem einkennast af góðri byggingarlist þar sem tekið er tillit til minja og sögu, landslags og nálagðar við sjóinn. Þar sé helsti vettvangur samverustunda og hátíðarhalda bæjarbúa.



miðbæjarins og vildu festa betur í sessi hlutverk hans sem helstu miðstöð menningar, menntunar, viðskipta og þjónustu utan höfuðborgarsvæðisins.

### Viðamiklið samráð og alþjóðleg hugmyndasamkeppni

Haldin var alþjóðleg hugmyndasamkeppni um skipulag miðbæjarins árið 2005, í kjölfar viðamikils samráðs við íbúa og fulltrúa atvinnulífsins. Niðurstöður samráðsfunda voru síðan nýttar í keppnislýsinguina fyrir hugmyndasamkeppnina. Yfir 1600 íbúar sóttu samráðsþing um framtíð miðbæjarins auk fjölda vinnufunda með eigendum og atvinnurekendum í miðbænum. Helstu skilaboð samráðsfunda voru þau að snúa þyrfti við neikvæðri þróun miðbæjarins. Það mætti gera með því að fjölga þar íbúðum og hafa þar matvöruverslun. Hann þyrfti að vera grænni, skjólmeiri og litríkari. Þannig myndi þjónusta og mannlíf eflast og autt verslunar- og þjónustuhúsnæði fyllast á ný. Íbúar vildu betri göngu- og hjólatengingar innanbæjar og tengingar á milli Brekkunnar, Strandgötu og miðbæjar. Miðbærinn ætti að vera liflegur vettvangur mannlífs og skemmtunar. Alls bárust 147 tillögur í hugmyndasamkeppnina frá um 40 löndum. Graeme Massie Architects frá Skotlandi hlutu fyrstu verðlaun og hafa síðan haldið áfram að þróa hugmynd sína í samstarfi við bæjaryfirvöld.



### Aðalskipulag Akureyrar 2005 – 2018 og deiliskipulag miðbæjarins

Við endurskoðun aðalskipulags Akureyrar var miðbæjarskipulagi breytt meðal annars á grundvelli tillögu Graeme Massie Architects. Sú deiliskipulagstillaga sem hér er kynnt er afrákstur frekari þróunar á þessari stefnu, sem unnin hefur verið á síðustu misserum undir handleiðslu stýrihóps á vegum Akureyrarbæjar.

Dórnefnd í hugmyndasamkeppninni: Kristján Þór Júlíusson þá bæjarstjóri, formaður, Árni Ólafsson arkitekt, Hlín Sverrisdóttir skipulagsfræðingur, Pétur H. Ármannsson arkitekt og Þorvaldur Þorsteinsson myndlistamaður, kennari og rithöfundur.

Stýrihópur um deiliskipulagið: Sigrún Björk Jakobsdóttir bæjarstjóri formaður, Hermann Jón Tómasson, Jóhannes Arnason, Jón Ingi Cæsarsson, Ólafur Jónsson og Unnsteinn Jónsson ásamt Pétri Bolla Jóhannessyni skipulagsstjóra.

Graeme Massie Architects hönnuðir.



Ráðgjafaryfirtækid Alta, verkefnisstjórn og skipulagsráðgjöf við hugmyndasamkeppni, aðalskipulagsgerð miðbæjar og deiliskipulagsvinnu. Alan Baxters Associates, Línuhönnun og Verkfæðistofa Norðurlands umferðarskipulag. Kanon arkitektar, ráðgjöf um arkitektúr. Húsakönnun í miðbæ Akureyrar unnin af Hönnu Rósu Sveinsdóttur og Hjörleifi Stefánssyni.

### Næstu skref í deiliskipulagsvinnunni

Í kjölfar þessarar kynningar heldur deiliskipulagsvinnan áfram. Niðurstöður hennar verða síðan kynntar á næstu vikum formlega samkvæmt skipulagslögum. Gera má ráð fyrir að fyrir liggi samþykkt deiliskipulag á vormánuðum, svo hægt verði að hefjast handa um fyrstu breytingar í miðbænum í sumar. Þeim metnaðarfullu tillögum sem hér eru kynntar samhlíða öðrum verkefnum sem í gangi eru, er ætlað að snúa við blaðinu í miðbæ Akureyrar. Að skapa ný tækifæri til vaxtar og eflingar miðbæjarins. Það verði gert með mótun yfirbragðs sem virðir, viðheldur og styrkir þau gæði sem gera Akureyri að einstökum stað, höfuðstað Norðurlands.